**Nd.** **976. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um fasteignamat (þskj. 946 eftir eina umr. í Ed.)

Háttvirt efri deild hefir gert nokkrar breytingar á frv. Flestar breytingarnar eru aðeins orðabreytingar eða leiðrjetting á prentvillum. Ein þeirra er efnisbreyting, tekin upp aftur 8. gr., sem feld var burt, þegar frv. var til meðferðar hér í deildinni. Nefndin vill ekki gera það að neinu kappsmáli, að fella burt umrædda grein og síst tefla málinu í tvísýnu út af þessu atriði. Ræður hún því háttv. deild til að samþykkja frv. óbreytt.

Neðri deild Alþingis, 13. sept. 1915.

Eggert Pálsson, formaður. Sveinn Björnsson. skrifari.

Hjörtur Snorrason. Björn Hallsson.

Sigurður Sigurðsson.